



Fornleifavernd  
ríkisins



Ársskýrsla 2011

## Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstöðumanns</b>	<b>3</b>
<b>Skipulag og umhverfismat</b>	<b>5</b>
<b>Fornleifarannsóknir</b>	<b>7</b>
<b>Rýnt í tölur</b>	<b>11</b>
<b>Fjármál</b>	<b>15</b>
<b>Önnur starfssemi</b>	<b>17</b>
<b>Starfsstöðvar og starfsfólk</b>	<b>26</b>



---

Friðlýstar minjar í landi Þvottár

## Ávarp forstöðumanns

Fjármagn til Fornleifaverndar ríkisins var skorið niður um 7,6% á fjárlögum ársins 2011 eða um 6,7 millj. kr. frá árinu 2010. Fornleifavernd ríkisins var með skrifstofur á sjö stöðum á landinu og nam framlag ríkisins til stofnunarinnar, árið 2011, 80,6 millj.kr. Alþingi veitti fjármagni til ýmissa verkefna sem voru ekki á vegum Fornleifaverndar ríkisins, en stofnuninni gert að greiða út féð og námu þeir styrkir 16,2 millj. kr. Róðurinn var því erfiður fjárhagslega og varð að halda vel á spöðunum til þess að komast klakklaut í gegnum fjárhagsárið.

Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins tókst á við vandann af jákvæðni og dugnaði sem fyrr og gerðu styrkir vegna Evrópuverkefna og aukaframlag frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Vinnumálastofnun því kleift að vinna að ýmsum spennandi verkefnum. Meðal þeirra er þróun skráningarkerfis vegna fornleifaskráningar, sem unnið er í samvinnu við Loftmyndir ehf, og þróun skráningarkerfis vegna minningarmarka sem tölvunarfræðingur í framhaldsnámi við Háskóla Íslands þróaði. Í raun má segja að árið 2011 hafi verið ár gagnagrunna og skráningarkerfa því einnig var haldið áfram að þróa gagnagrunn sem mun innihalda upplýsingar um fornleifarannsóknir á Íslandi í tengslum við Evrópuverkefnið CARARE, sem Fornleifavernd ríkisins tekur þátt í.

Annað miðunarverkefni sem stofnunin vann að var að setja upplýsingaskilti um fornleifar upp við Borgarvirki í samvinnu við Vegagerðina.

Aðgengismál voru einnig ofarlega á forgangslista Fornleifaverndar ríkisins og fékkst fjármagn frá Vinnumálastofnun til að ráða landslagsarkitekt til að koma með tillögur um aðgengi og miðlun upplýsinga við minjarnar í Húshólma í Ögmundarhrauni. Um var að ræða samvinnuverkefni Fornleifaverndar og Grindavíkurbæjar sem veitti einnig styrk til verkefnisins.

Þátttöku Fornleifaverndar ríkisins í verkefnisstjórn og vinnuhópum vegna Rammaáætlunar lauk í júlí.

Styrkur hafði fengist frá Þjóðhátíðarsjóði til að hreinsa og laga legsteina í Borgarfirði og var því verki lokið um sumarið. Þá var unnið að viðgerð niðurfalls Snorralausar í Borgarfirði og viðhaldi í og við Stöng í Þjórsárdal.

Í nóvember stóð Fornleifavernd ríkisins fyrir

málþingi á Hótel Sögu sem nefndist *Kvöð eða Kostur*. Var þar vísað til fornleifa landsins og var sóst eftir sýn fjölbreytts hóps sérfræðinga og hagsmunaaðila til að kryfja málið til mergjar með starfsfólki Fornleifaverndar ríkisins. Capacent undirbjó málþingið með Fornleifavernd ríkisins og stýrði því. Ferðamálastjóri og fulltrúi Landsvirkjunar auk forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins héldu innlegg sem nýtt voru í umræðuhópum. Mennta- og menningarmálaráðherra setti málþingið. Var vel látið af málþinginu og er æskilegt að í framtíðinni verði unnt að halda þing um minjavörslu á Íslandi á hverju ári.

Málefni byggingar yfir fornleifar í Skálholti, Þorláksbúðar, fylgdu stofnuninni yfir á nýtt ár.

Starfsfólki Fornleifaverndar ríkisins var mjög brugðið þegar það sá niðurstöðu á samanburði á fjármagni sem veitt hefur verið af fjárlögum frá árinu 2002 til 2011 annars vegar til fornleifavörslu á Íslandi og hins vegar til hvekkar einstakrar stofnunar sem vinnur að náttúruvernd. Að meðaltali er Fornleifaverndin að fá um 20% af því fjármagni sem veitt er til hvekkar náttúrustofnananna fyrir sig. Er það eðlilegt? Er það virkilega það sem þjóðin og yfirvöld telja réttlátt og ásættanlegt?

---

Kristín Huld Sigurðardóttir





Við Sauðafell

## Skipulag og umhverfismat

Samkvæmt Þjóðminjalögum 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags eða endurskoðunar þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og við framkvæmdir. Menningarminjar eru einnig einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Árið 2010 voru umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun þess 26 talsins en nú árið 2011 eru þær örlítið færri eða 23.

**Tafla 1**

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2011	
Vesturland	3
Vestfirðir	7
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	3
Austurland	1
Suðurland	2
Reykjanes	5
Reykjavík	1

Umsögnum um deiliskipulög og byggingarreiti hefur heldur fækkað frá árinu 2010 en þá voru þær 172 en eru árið 2011 136 talsins. Tekið skal fram að umsagnir varðandi deiliskipulagsmál í Reykjavík eru á hendi borgarminjavarðar.

**Tafla 2**

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2011	
Vesturland	26
Vestfirðir	6
Norðurland vestra	31
Norðurland eystra	9
Austurland	6
Suðurland	49
Reykjanes	9
Reykjavík	0

Umsögnum um umhverfismat fækkar umtalsvert á milli ára en þau voru 16 árið 2010 en eru nú einungis 4. Umsögnum um matsskyldu fjölgar lítillega eða úr 18 í

23 og umsögnum um matsáætlun fjölgar úr 2 í 11.

**Tafla 3**

Umsagnir um umhverfismat 2011	
Vesturland	0
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	2
Austurland	0
Suðurland	1
Reykjanes	0
Reykjavík	0

**Tafla 4**

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2011	
Vesturland	4
Vestfirðir	4
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	6
Austurland	2
Suðurland	2
Reykjanes	4

**Tafla 5**

Umsagnir um tillögu að matsáætlun 2011	
Vesturland	0
Vestfirðir	2
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	4
Austurland	0
Suðurland	4
Reykjanes	1
Reykjavík	0



Uppgröftur við Kolkuós

## Fornleifarannsóknir

---

Árið 2011 veitti Fornleifavernd ríkisins 39 leyfi til fornleifarannsókna, þar af voru 28 vísindarannsóknir (72%), ein björgunarrannsókn (2,5%) og tíu rannsóknir vegna framkvæmda (25,5%).

---

**Vogur í Höfnum í Reykjanesbæ.** Rannsókn á skála o.fl. Kennsluuppgröftur fyrir háskólanema. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 19. apríl 2011.

**Sundbakki í Viðey.** Rannsókn á öskuhaugum í Þorpinu í Viðey. Ábyrgðaraðili Gavin Lucas, Háskóli Íslands. Leyfi veitt 18. maí 2011.

**Hrísakot í Helgafellssveit.** Rannsókn á seljarústum. Ábyrgðaraðili Sindri Ellertsson Csillag, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 18. maí 2011.

**Skriðuklaustur í Fljótsdalshreppi.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustursrannsóknir og Þjóðminjasafn Ísl. Leyfi veitt 18. maí 2011.

**Hjaltadalur í Skagafirði.** Rannsókn í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafn Skagafirðinga. Leyfi veitt 18. maí 2011.

**Urriðakot á Urriðaholti í Garðabæ.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir. Leyfi veitt 18. maí 2011.

**Póstskipið Phönix (undan Syðra-Skóganesi) á sunnanverðu Snæfellsnesi.** Neðansjávarrannsókn. Ábyrgðaraðili Ragnar Edvardsson, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Leyfi veitt 24. maí 2011.

**Hof í Örfasveit.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 1. júní 2011.

**Gufuskálar á Snæfellsnesi.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Lilja Björk Pálsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 6. júní 2011.

**Skútustaðir í Mývatnssveit.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 7. júní 2011.

**Hofstaðir í Mývatnssveit.** Framhaldsrannsókn.

Ábyrgðaraðili Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 7. júní 2011.

**Ingiríðarstaðir í Þegjandadal, Suður-Þingeyjarsýslu.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 7. júní 2011.

**Hólmur í Nesjum, Austur-Skaftafellssýslu.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 7. júní 2011.

**Svalbarð (þ.m.t. Bægisstaðir og Kúðá) við Þistilfjörð í Norður-Þingeyjarsýslu.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 7. júní 2011.

**Leirvogur, Hrísbú og Borg. Mosfellsbæ.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Jesse Byock, Cosen Institute of Archaeology, UCLA. Leyfi veitt 14. júní 2011.

**Hringsdalur, Ketildalahreppi, Vestur Barðastrandarsýslu.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júní 2011.

**Meintar grafir.** Forkönnun á mögulegum og meintum greftrunarstöðum og minjum þeim tengdum víða á landinu. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júní 2011.

**Eyri í Ingólfsfirði, Árneshreppi á Ströndum.** Rannsókn á verksmiðjulóð Ingólfs hf. Ábyrgðaraðili Þóra Pétursdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 16. júní 2011.

**Reykjavík.** Aldursgreining á seljarústum. Ábyrgðaraðili Margrét Björk Magnúsdóttir, Minjasafn Reykjavíkur, Leyfi veitt 30. júní 2011.

**Siglunes við Siglufjörð.** Rannsókn á rústum og öskuhaugum. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts,



Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 30. júní 2011.

**Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júlí 2011.

**Hólar í Hjaltadal og Kolkuós í Viðvíkursveit.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir, Hólaskóli. Leyfi veitt 15. júlí 2011.

**Grænanes í Steingrímsfirði.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða. Leyfi veitt 15. júlí 2011.

**Fornleifarannsókn í Koti á Rangárvöllum.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða. Leyfi veitt 28. júlí 2011.

**Skagfirski kirkjurannsóknin.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafn Skagfirðinga. Leyfi veitt 2. ágúst 2011.

**Fornar rústir á Síðuheiðum.** Rannsókn á rústum Fjárhóls í landi Heiðar. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 2. ágúst 2011.

**Dufansdalur í Vesturbyggð.** Rannsókn á meintum greftrunarstöðum. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 2. ágúst 2011.



**Lóð Landspítalans við Hringbraut í Reykjavík.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Vala Garðarsdóttir, Antikva ehf. Leyfi veitt 12. ágúst 2011.

**Fornleifarannsóknir í Skagafirði.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili John Steinberg, Fiske Center for Archaeological Research, Univ. Massachusetts – Boston. Leyfi veitt 4. ágúst 2011.

**Hrafnseyri (Eyri) við Arnarfjörð.** Rannsókn á svæði umhverfis byggingar á núverandi bæjarstæði auk túnsins. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða. Leyfi veitt 5. ágúst 2011.

**Þórisá í landi Eyrarteigs í Skriðdal.** Rannsókn á kumlstæði. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 12. ágúst 2011.

**Kelduneshreppur.** Rannsókn á garðlögum. Ábyrgðaraðili Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 16. ágúst 2011.

**Skálholt í Bláskógabyggð.** Kennsluuppgröftur. Ábyrgðaraðili Gavin Lucas, Háskóli Íslands. Leyfi veitt 24. ágúst 2011.

**Skógar í Fnjóskadal.** Framhaldsrannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafn Skagfirðinga. Leyfi veitt 5. september 2011.

**Dalásýsla og Austur-Barðastrandarsýsla.** Rannsókn á mögulegum og meintum greftrunarstöðum. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 9. september 2011.

**Vatnshorn í Skorradal.** Rannsókn á brunni. Ábyrgðaraðili Oddgeir Isaksen, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. september 2011.

**Kirkjulundur 12 í landi Hofsstaða í Garðabæ.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir. Leyfi veitt 19. október 2011.

**Geirseyrar á Patreksfirði.** Könnunarskurðir í tóftir og garðlag vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða. Leyfi veitt 25. október 2011.

**Reykjanesbraut, gatnamót við Straumsvík.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Katrín Gunnarsdóttir. Leyfi veitt 23. nóvember 2011.




---


Kolbeinsstaðir


## Rýnt í tölur

Fornleifavernd ríkisins tók til starfa 15. október árið 2001 og er því orðin 10 ára. Rétt er að horfa yfir farinn veg á tímamótum sem þessum og því hafa verið teknar saman tölur um fornleifarannsóknir og skipulagsmál á þessu tímabili.




Rétt er að taka fram að úttekt þessi byggir á rannsóknarleyfum sem Fornleifavernd ríkisins hefur gefið út. Í einhverjum tilvikum er hætt við rannsókn eftir að leyfi hefur verið gefið en það er fremur sjaldgæft. Á þessum tölum má sjá að fjöldi leyfa fer vaxandi frá 2002 til 2006 og nær hæst það ár, 54. Fjöldinn virðist halda nokkru jafnvægi til ársins 2010 en þá hrynur talan niður í 36 leyfi. Líklegt verður að teljast að dýfuna 2010 megi rekja til kreppunnar á Íslandi, bæði hafi dregið úr framkvæmdum og styrkjum til fornleifarannsókna. Hér fyrir neðan má sjá súlurit sem sýnir úthlutun til fornleifarannsókna úr tveimur helstu sjóðunum.







Ef horft er á skiptingu rannsókna í vísinda- og þjónusturannsóknir (rannsóknir vegna framkvæmda) má sjá að vísindarannsóknir hafa lengst af verið í meirihluta. Þetta er mjög áberandi árið 2002 sem eflaust má rekja til þeirrar innspýtingar fyrir fornleifarannsóknir sem Kristnihátíðarsjóður var. Þjónusturannsóknir eru aftur á móti í afgerandi meirihluta árið 2009 sem vekur nokkra furðu ef horft er á afleiðingar kreppunar almennt á framkvæmdir í landinu. 2010 og 2011 má svo sannarlega sjá að það dregur mikið saman í þjónusturannsóknum.

Ef horft er á skiptingu rannsókna í minni rannsóknir (forkannanir, borkjarnar og könnunarskurðir) og stærri rannsóknir má sjá að fjöldi minni rannsókna er yfirleitt 50% eða meiri allt tímabilið að undanskildu árinu 2002. Nokkuð misjafnt er milli ára hversu margar þjónusturannsóknir flokkast undir stærri rannsóknir á ári hverju, frá tveimur og upp í sjö, oftast í kringum 3-4.







Umsögnum Fornleifaverndar ríkisins um aðalskipulög eða endurskoðun þeirra fer fjölgandi á tímabilinu 2002 til 2008 (að undanskildu 2005) en fækkar töluvert árið 2009. Svipaða þróun má sjá varðandi umsagnir um deiliskipulög og/eða byggingarreiti.




Vafalítið má rekja fækkandi umsagnir um aðalskipulög og deiliskipulög árið 2009 til færri framkvæmda vegna kreppunnar en kreppan hafði einnig bein áhrif á starfssemi Fornleifaverndar, þ.e. fækka þurfti stöðugildum vegna niðurskurðar hjá stofnuninni. Niðurskurðurinn skerti getu stofnunarinnar til að veita sömu þjónustu og áður, þar með talin geta hennar til að gefa umsagnir um skipulagsmál. Rétt er að taka fram að borgarminjarvörður hefur umsjón með þessum málaflokk hjá Reykjavíkurborg en línurnar væru eflaust enn skarpari ef tölur um umsagnir deiliskipulags þar væri einnig teknar inn í myndina.



Afar mikill mismunur er á því milli landsvæða hversu mörg deiliskipulagsmál/byggingarreitir koma inn til Fornleifaverndar ríkisins til umsagna. Að einhverju leyti má rekja það til mismunandi fjölda framkvæmda eftir landsvæðum en hluti af skýringunni hlýtur þó að vera mismunandi túlkun skipulagsyfirvalda á mikilvægi þess að hafa Fornleifavernd ríkisins með í ráðum þegar jarðrask fer fram sem og mismunur á þjónustu Fornleifaverndar eftir landsvæðum. Til dæmis hafa sum svæði verið tímabundið án minjavarða vegna fjárskorts stofnunarinnar.



Fjöldi umsagna um umhverfismat eru með öðru sniði, fallið kemur seinna eða 2011. Ástæðuna má líklega rekja til þess að umhverfismatsmál eru stór og lengi í undirbúningi. Sum þessara mála hafa verið farin af stað fyrir kreppuna og verið kláruð þrátt fyrir hana. Fyrirspurn um matsskyldu getur verið undanfari sjálfs umhverfismatsins og virðist kreppan hafa fyrr áhrif á fjölda umsagna í þessum málaflokki eða 2010.





Tóftir í Papey

## Fjármál

Fyrir árið 2011 gerðu yfirvöld breytingu á því hvernig ársreikningar ríkisstofnana eru sýndir. Afgangsfjármagn sem bundið var í föstum verkefnum hjá Fornleifavernd ríkisins var flutt yfir á árið 2012 og nam það rúmlega 6,8 milljónum króna. Stofnunin átti sjálf rúmlega 2,7 millj. kr. sem fluttust yfir á árið 2012.

### Ársreikningur árið 2011

<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Tekjur samtals	15.486.016	27.930.566
Gjöld samtals	-121.741.826	-135.893.574
Framlag úr ríkissjóði	99.400.000	113.700.000
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Eignir samtals	23.656.229	15.469.627
Skuldir samtals	20.951.072	5.908.660
Höfuðstóll í árslok	2.705.157	9.560.967
Greiðslustaða við ríkissjóð	23.656.229	15.469.627





Menningarminjadagur á Vesturlandi

---

## Önnur starfssemi

### Rannsóknir

Grafnir voru könnunarskurðir á lóð Landspítalans í Reykjavík til að meta eðli og umfang minja á túninu framan við gömlu aðalbyggingu spítalans vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðinni. Vettvangsrannsóknin fór fram dagana 19., 20. og 23. maí. Kristinn Magnússon hafði umsjón með verkefninu en Uggi Ævarsson tók einnig þátt í rannsókninni.



Minjavörður Austurlands, Inga Sóley Kristjónudóttir, gróf könnunarskurð vegna fyrirhugaðrar byggingar safnaðarheimilis að Hofi á Vopnafirði. Tekinn var einn 1x2 m langur skurður þvert yfir fyrirhugaðan byggingarreit og grafið 2m niður. Komið var niður á fjóshaug frá fyrri hluta 20. aldar. Ekki var talin þörf á að grafa lengra niður þar sem grunnur byggingar mun mest vera á 2m dýpi.

Uppgröftur í Hrífunesi, Skaftárhreppi, um mánaðamótin ágúst/september. Tvö kuml voru grafin fram í bakkanum þar sem Hólmsá brýtur landið. Áin hafði hreinsað úr öðru kumlinu en að hluta úr hinu kumlinu sem hefur verið rænt fyrr á öldum. Í því voru þó beinaleifar konu og dálítið haugfé. Gjóska úr Eldgjá 934 e. Kr. var fast yfir kumlunum. Verkefni í umsjá Uggja Ævarsson en að rannsókninni kom einnig Fornleifastofnun Íslands ses.

Magnús A. Sigurðsson hafði eftirlit með framkvæmd þegar grunnur var tekin að nýjum prestsbústað í Stafholti.

Í maí tók Magnús A. Sigurðsson þátt í rannsókn á flakinu af Póstskipinu Fönix sem fórst útaf Syðra-Skógarnesi 1881 og var

friðlýst í byrjun árs 2011.

Í júní tók Magnús A. Sigurðsson þátt í fornleifarannsókn á Gufuskálum Að rannsóknunum vann stór hópur vísindamanna frá Fornleifastofnun, City University of New York og Brooklyn Collage í samstarfi við Fornleifavernd ríkisins og Þjóðgarðinn Snæfellsnes.

Sigurður Bergsteinsson gerði prufuskurði í landi Hólkskots í Reykjadal vegna fyrirhugaðrar byggingar orlofshúss.

Sigurður Bergsteinsson skoðaði og hreinsaði skurði sem gerðir voru við undirstöður gamla bæjarins á Öngulstöðum í Eyjafirði.

Sigurður Bergsteinsson skoðaði og gerði rannsóknarskurði við undirstöður gamla torfbæjarins á Grenjaðarstað vegna viðgerða á honum.

Sigurður Bergsteinsson skoðaði og mældi upp minjar á eyðibýlinu Hrafnabjörgum í Hjalta- staðapinghá vegna fyrirhugaðrar orlofs- byggðar þar.

Þór Hjaltalín tekur þátt í **Vinlandsverkefninu** í samstarfi við dr. Jónas Kristjánsson, Kristján Jónasson, Kevin McAleese og Bjarna F. Einarsson um rannsóknir á byggðum norrænna manna á Nýfundnalandi.

### Viðgerðir og viðhald

Haft var samband við minjavörð Vesturlands haustið 2010 vegna vandamála í sambandi við niðurfallið úr Snorralaus. Svo virtist vera að niðurfall laugarinnar hefði gefið sig þannig að bæði niðurfall og yfirfall rann óhindrað inní hleðsluna umhverfis laugina. Minjavörður Vesturlands fór og skoðaði aðstæður. Augljóst var að brýnt var að laga laugina sem fyrst. Fornleifavernd ríkisins ákvað að taka að sér að fjármagna viðgerðina. Að ráðum heimamanna var leitað til Guðna Guðnasonar, pípulagningarmanns frá Grundarfirði. Tók hann að sér verkið og lauk því í júlí 2011. Fékkst fjárstuðningur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til þess verks.

Dittað var að byggingu yfir minjar í Stöng í Þjórsárdal og stígur að fornleifunum lagfærður. Skeiða- og Gnúpverjahreppur veitti m.a. fjármagni til þess verks. Umsjón með verkefninu hefur Uggi Ævarsson.

Fjarlægðar voru lúpínuplöntur sem sáð hafði verið yfir rústirnar að Sámsstöðum í Þjórsárdal. Umsjón með verkefninu hefur Uggi Ævarsson.

Þór Hjaltalín veitti ráðgjöf um viðgerð og viðhald á fornu hesthúsi í Kollsvík, Vestur Barðastrandasýslu. Í undirbúningi eru frekari rannsóknir á húsinu og umhverfi þess.

### Útgáfa

Gunnar Bollason. „Barokkmeistarinn í Bjarnastaðahlíð, *Bautasteinn*, 1. tölublað 16. árgangur, Kirkjugarðasamband Íslands, Reykjavík, 2011.

Kristinn Magnússon og Uggi Ævarsson: *Landspítalalóð. Rannsóknarskýrsla*. Fornleifa-vernd ríkisins 2011.

Þór Hjaltalín: „Íslensk jarðhús – Umfjöllun miðaldahöfunda og vitnisburður fornleifa“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 2010, 141-184.

Þór Hjaltalín: „Íslendingasögur og minjaheildir í Húnaþingi“. *Húnavetnsk náttúra 2010. Málþing um náttúru Húnavatnssýslu. Gauksmýri 10. apríl 2010. Ágrip erinda*, 67-73.

### Fyrirlestrar og kennsla

Kristín Huld Sigurðardóttir var prófdómari vegna þriggja ritgerða til MA-prófs í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Í október hélt Magnús A. Sigurðsson fyrirlestra og vettvangsferð um minjar og minjavernd fyrir skógræktarbændur. Var það partur af námskeiði er haldið var fyrir skógræktarbændur í Háskólanum á Hvanneyri.

Í nóvember hélt Magnús A. Sigurðsson fyrirlestur um Eyrbyggjuminjar í Snorrastofu, en það var partur af Eyrbyggjunámskeiði er haldið var af Snorrastofu.

Minjavörður NA, Sigurður Bergsteinsson hélt fyrirlestur um fund á Vestdalsheiði á Fólkvanginum „Vitið þér enn eða hvað“ á Akureyri 20 júní 2011.

Sólborg Una Pálsdóttir: Skráning fornleifa. Fyrirlestur haldinn fyrir nemendur í námskeiðinu Landslagsfræði—landslagsgreining, við Umhverfiseildina á Hvanneyri, mars 2011.

Þór Hjaltalín: „Höfðingjar og ríki“ Fyrirlestur í fyrirlestrarröðinni *Vísindi og grautur* í Hólaskóla 9. mars.

Þór Hjaltalín: „Guðmundur biskup góði“, Fyrirlestur við Olórháskóla 22. mars.

Þór Hjaltalín: „Chiefs and Landscape – The ideology and Manifestation of Land Dominance in 13th Century Iceland. The Case of *Ásbirningaríki*“. Fyrirlestur fluttur á miðaldaseminarinum við háskólann í Þrándheimi 24. mars.

Þór Hjaltalín: „Ásbirningaríki“, Háskólalestin á Skagaströnd, 21. maí.

Þór Hjaltalín: „Kulturarv och turism på Island“, fyrirlestur á seminari á fundi Þjóðminjavarða Norðurlanda, Þórshöfn í Færeyjum 8. jún.

Þór Hjaltalín: „Landnám Kollsveins hins ramma“, fyrirlestur og leiðsögn á Kollsveinsstaði með nemendur FNV 8. sept. á menningarminjadedgi Evrópu.

Þór Hjaltalín: „Sögutengd ferðapjónusta og gildi minja“, fyrirlestur á fundi Rótarýklúbbs Sauðárkróks 29. sept.

Þór Hjaltalín: „Vík í Víkurtorfu“, fyrirlestur á fundi Rótarýklúbbs Sauðárkróks 15. des.

Uggi Ævarsson: Fyrirlestur á Hugvísindapingi Háskóla Íslands 25. mars: Tengsl akademíu og ferðapjónustu. „Menningarminjar og menningartengd ferðapjónusta – hvar eru brúarsmiðirnir?“

Minjavörður Suðurlands, Uggi Ævarsson, kennir á vettvangsnámsskeiði nema í fornleifafræði við HÍ, vikuna 5. – 9. september í Skálholti.

### Almannatengsl, kynning, leiðsögn

Forstöðumaður tók þátt í aprílgabbi morgunblaðsins 1. apríl 2011, ( bls. 12 ) og í sjónvarpi **mbl**. sama dag. Efnið var: *Gullskipið fundið í Landeyjahöfn? Opnun Landeyjahafnar tefst enn*.

Agnes Stefánsdóttir var með kynningu á tilnefningu víkingaminja á Heimsminjaskrá UNESCO í fimmtudagskvöldgöngu á Þingvöllum 30. júní.

Gunnar Bollason: *Útskálar*, erindi flutt á 150 ára afmæli Útskálakirkju þann 21. maí 2011.

Kristín Huld Sigurðardóttir var í viðtali hjá Jónatani Garðarssyni í morgunútvarpi RÚV, 17. nóvember vegna málþingsins *Kvöð eða Kostur*.



Kristín Huld Sigurðardóttir svaraði spurningu dagsins í fréttablaðinu 7. júní 2011: *Kristín, er djúpt á Grænuborg?*

Kristín Huld Sigurðardóttir, *Skráningu fornminja áfátt. Engin tæmandi fornleifaskrá – Notuðumst við 19. aldar skrár.* Fréttablaðið föstud. 8. júlí (grein).

Kristín Huld Sigurðardóttir. *Fornleifavernd á Íslandi, kvöð eða kostur?* Fréttablaðið, 10. nóvember 2011, bls. 30 (grein).

Minjavörður Suðurlands, (Fornleifavernd ríkisins) hlaut „Uppsveitabrosið 2011“.

Evrópski menningarminjadagurinn var haldinn þann 8. september og var minjavörður Suðurlands, Uggi Ævarsson, með leiðsögn um rústirnar í Skálholti.

Kristinn Magnússon: Leiðsögn um Þorbjarnarstaði vestan Hafnarfjarðar á Menningarminjadegi Evrópu 8. sept. 2011.

Á menningarminjadaginn í september hélt Magnús A. Sigurðsson fyrirlestur í Stykkishólmi um sýnilegar minjar úr Eyrbyggju.

Sigurður Bergsteinsson hélt erindi um minjar í landslagi í tilefni Evrópska menningarminjadagsins haldið 8. september 2011.

Þór Hjaltalín fór með nemendur Fjölbautaskóla Norðurlands vestra um landnám Kollsveins hins ramma og að bænum Kollsveinsstöðum í tengslum við menningarminjadag Evrópu 8. september 2011.

Þór Hjaltalín: Viðtal í Feyki 6. september, „Heilsað upp á Kollsvein“, í tilefni menningarminjadags Evrópu 2011.

Þór Hjaltalín vann að uppsetningu sýningar í tengslum við verkefnið „Vatnsdæla á refli“ á opunardegi refilsins á Blönduósi 16. júlí.

## Félagsstarf

### **Erlent**

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í stjórn EAC (European Archaeological Council), sjá vefslóðina: <http://www.european-archaeological-council.org/>.

### **Innlent**

Kristín Huld Sigurðardóttir er varamaður í stjórn *Hins íslenska fornleifafélags*.

Þór Hjaltalín er varamaður í stjórn Hins íslenska fornleifafélags.

Þór Hjaltalín er ritari í stjórn íslensku ICOMOS nefndarinnar.

Þór Hjaltalín er í stjórn Landnáms Ingimundar gamla sem vinnur að verkefninu Á slóð Vatnsdælasögu.

Þór Hjaltalín er í stjórn verkefnisins "Vatnsdæla á refli" í samvinnu við Textílsætur Íslands, Listaháskóla Íslands o.fl. aðila.

Þór Hjaltalín er fulltrúi í siðanefnd Félags íslenskra fornleifafræðinga.

## Samstarfsverkefni

### **Innlend verkefni:**

Fornleifavernd ríkisins var í samstarfi við Grindavíkurbæ um áætlun um aðgengi ferðamanna á minjastaðnum Húshólma. Bæjarráðið styrkti verkefnið um 200 þúsund krónur.



Fornleifavernd ríkisins var í samvinnu við Arnar Þór Egilsson lögreglumann og kafara við að mæla upp skipið Phoenix, sem fórst út af Snæfellsnesi árið 1881.

Fornleifavernd ríkisins lauk við heimasíðu Heimsminjanefndar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Fornleifavernd ríkisins hóf samstarf við Sigurð Má Grétarsson um könnun á minjum frá seinni heimsstyrjöldinni á völdum stöðum. Málmleitartæki var notað við könnunina. Í tengslum við verkefnið var sandur hreinsaður ofan af fallbyssuhreiðri í nágrenni Garðskagavita. Það verk var unnið í samvinnu við Sveitarfélagið Garð. Kristinn Magnússon hefur umsjón með verkefninu.

Tekið var upp samstarf við Grindavíkurbæ um hvernig bæta má aðgengi að fornleifum í Húshólma í Ögmundarhrauni og koma þar upp upplýsingaskiltum. Valdimar Harðarson landslagsarkitekt var ráðinn í tvo mánuði til að vinna að verkefninu. Hann skilaði skýrslu í nóvember: *Athugun á bættu aðgengi að minjum í Húshólma í Ögmundarhrauni*. Kristinn Magnússon hefur umsjón með verkefninu.

Kristín Huld Sigurðardóttir og Inga Sóley Kristjónudóttir tóku þátt í stefnumörkunarfundi vegna Vatnsjökulsþjóðgarðs.

Í nóvember veitti Fornleifavernd ríkisins Reykhólstað leyfi til að nýta minjar á staðnum í þágu ferðaþjónustu.

Fornleifavernd ríkisins og Gunnarsstofnun undirrituðu 30. nóvember viljayfirlýsingu um samstarf við nýtingu fornleifa á Skriðuklaustri í ferðaþjónustu.

Tekið var upp samstarf við Grindavíkurbæ um hvernig má bæta aðgengi í Húshólma í Ögmundarhrauni. Valdemar Harðarson landslagsarkitekt var ráðinn tímabundið til að vinna verkið.

Umfangsmikill uppgröftur fór fram á Gufuskálum í júní. Að rannsóknunum vann stór hópur vísindamanna frá Fornleifastofnun, City University of New York og Brooklyn Collage. Aðrir samstarfsaðilar eru Fornleifavernd ríkisins og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

Þór Hjaltalín hefur undanfarin ár unnið að verkefninu **Á söguslóð Vatnsdælasögu** í samvinnu við ferðaþjónustuaðila í Húnaþingi. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að bæta

aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði í héraðinu, m.a. með uppsetningu upplýsingaskilta, útgáfu af ýmsu tagi og viðburðum.

Þór Hjaltalín vinnur að verkefninu **Sturlungaslóð** með ferðaþjónustuaðilum o.fl. stofnunum í Skagafirði. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að bæta aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði í héraðinu, m.a. með uppsetningu upplýsingaskilta, útgáfu af ýmsu tagi og viðburðum.

Þór Hjaltalín tekur þátt í verkefninu **Vatnsdæla á refli** í samstarfi við Textílsetur Íslands, Listaháskóla Íslands og Jóhönnu Pálmadóttur.



Minjavörður Suðurlands er í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp vegna framkvæmda í Þjórsárdal

Uggi Ævarsson er í samstarfi við menningarfulltrúa uppsveita Árnessýslu vegna vinnu í Þjórsárdal.

Uggi Ævarsson er í samstarfi við Markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárbings eystra um umsóknir vegna manngerðum hellum á Suðurlandi.

Uggi Ævarsson vinnur með sveitarfélögum, íbúum og Steinsholti sf. að verkefninu: *Gönguleiðir í Ásahreppi og Rangárbingi ytra*.

Uggi Ævarsson vinnur með Byggðasafninu í Skógum vegna fyrirhugaðrar vinnu við úrvinnslu uppgraftarins á Stóru-Borg undir Eyjafjöllum.

### **Erlent samstarf**

CARARE, sjá vefslóðina: <http://www.carare.eu/>. Sólborg Una Pálsdóttir og Sigurður Bergsteinsson taka þátt í Evrópuverkefninu **CARARE** fyrir hönd Fornleifavernd ríkisins.

Agnes Stefánsdóttir er verkefnisstjóri í verkefninu *Viking Age Monuments and Sites*, sem gengur út á tilnefningu 8 minjastaða frá 6 löndum á Heimsminjaskrá UNESCO.

Agnes Stefánsdóttir er fulltrúi Íslands í Evrópuverkefninu HEREIN, sjá vefslóðina: <http://www.european-heritage.net/sdx/herein/>

Agnes Stefánsdóttir er fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins og fleiri stofnana á sviði menningarminja í Evrópuverkefninu NET-Heritage, sjá vefslóðina: <http://www.netheritage.eu/>

### **Stjórnar-, nefndarsetur og vinnuhópar**

Agnes Stefánsdóttir hefur verið varamaður í Breiðafjarðarnefnd frá árinu 2004.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í Heimsminjanefnd Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í Kirkjugarðaráði.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í ráðgjafanefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í verkefnastjórn vegna rammaáætlunar um virkjunarkosti ríkisstjórnarinnar.

Kristinn Magnússon sat í undirbúningsnefnd Norrænnar ráðstefnu um Landslagssáttmála Evrópu sem haldin verður dagana 7. – 9. júní 2012.

Kristinn Magnússon var skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra í fagráð sem er vettvangur faglegrar umræðu um fornleifarannsóknir í miðbæ Reykjavíkur og bakhjarl stýrihóps sem skipaður er til að hafa yfirumsjón með heildarrannsókn fornleifa í miðbæ Reykjavíkur. Skipunartími er frá 16. september 2011 til 15. september 2015.

Minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, tók sæti í Breiðafjarðarnefnd í byrjun júlí 2000 sem fulltrúi Þjóðminjaráðs Íslands. Hann var síðan endurskipaður í nefndina um mitt ári 2004 sem fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins. Haldnir voru 7 fundir á árinu 2011.

Sólborg Una Pálsdóttir sat í faghópi um náttúru og menningarminjar vegna rammaáætlunar um virkjunarkosti á Íslandi.

Þór Hjaltalín er fulltrúi fyrir Íslands hönd vegna árlegra funda þjóðminjavarða Norðurlanda. Árið 2011 fór fundurinn fram í Þórshöfn í Færeyjum dagana 5. – 10. júní.

Minjavörður Suðurlands, Uggi Ævarsson, situr í vinnuhópi um verndun íslenskra hraunhella, á vegum Náttúrufræðistofnun Íslands.

### **Námskeið, ráðstefnur, nám, fundir:**

Í janúar sótti Agnes Stefánsdóttir lokafund verkefnisins *Nýting náttúru og menningararfs við svæðisbundna nýsköpun og þróun* í Stokkholmi. Norrænt samstarfsverkefni kostað af Norrænu Ráðherranefndinni.

Í apríl sótti Agnes Stefánsdóttir fund ráðgjafanefndar verkefnisins *Viking Age Monuments and Sites* í Osló.

Í maí sótti Agnes Stefánsdóttir stjórnarfund í verkefninu *Viking Age Monuments and Sites* í Kaupmannahöfn.



Agnes Stefánsdóttir sótti í júní fund stjórnenda minjastaðanna sem tilnefndir eru sem hluti af vikingaverkefninu. Fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn.

Í ágúst sótti Agnes Stefánsdóttir stjórnarfund í verkefninu *Viking Age Monuments and Sites* í Riga og Grobina í Lettlandi.

Í desember sótti Agnes Stefánsdóttir stjórnarfund í verkefninu *Viking Age Monuments and Sites* í Kaupmannahöfn.

Inga Sóley Kristjónudóttir sækir nám í opinberri stjórnarsýslu við Háskóla Íslands.

Í janúar sótti Kristín Huld Sigurðardóttir stjórnarfund EAC í Stokkhólmi.

Í mars sótti Kristín Huld Sigurðardóttir stjórnarfund og ráðstefnu EAC í Oudenarde í Belgíu.

Í mars sóttu Kristín Huld Sigurðardóttir og Agnes Stefánsdóttir ráðstefnu á vegum Evrópuverkefnisins NET-HERITAGE í Brussel (*Increasing Europe's competitiveness through cultural heritage research*).

Í maí sótti Kristín Huld Sigurðardóttir ársfund forstöðumanna minjastofnana Evrópu, EHHF (European Heritage Head Forum) sem haldinn var í Amsterdam.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti fund þjóðminjavarða Norðurlands í Færeyjum í júní.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti ársfund heimsminjanefndar UNESCO í París í júní.

Kristín Huld Sigurðardóttir og Agnes Stefánsdóttir sóttu lokafund verkefnisins NET-Heritage í Róm í september.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti stjórnarfund EAC í Bratislava í október.

Starfsfólk tók allt þátt í framhaldsnámskeiði í Word og Excel hjá Tölvuskólanum við Grensásveg.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti námskeið vegna ráðningarmála hjá Endurmenntunarstofnun Háskólans.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti námskeið um sameiningu stofnana hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti námskeið um greinaskrif fyrir dagblöð.

Kristín Huld Sigurðardóttir og Sólborg Una Pálsdóttir sóttu námskeið á vegum Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands í rafrænni stjórnsýslu.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti ráðstefnu fjármálaráðuneytis, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands þann 3. nóvember um Nýsköpun í opinberum rekstri.



Kristinn Magnússon sat námskeið um Vinnustund hjá Skýrr 14. mars. Vinnustund heldur utan um tíma- og fjarvistaskráningu starfsmanna ásamt því að vera tæki til að skipuleggja vinnutíma þeirra.

Kristinn Magnússon sat fund Skipulagsstofnunar á Grand hóteli 22. mars. Yfirskrift fundarins var: Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Reynsla þátttakenda.

Þann 18. nóvember 2011 stóð Fornleifavernd ríkisins fyrir málþinginu, *Kvöð eða kostur*, á Hótel Sögu. Capacent aðstoðaði við skipulag málþingsins, stýrði málþinginu og vann úr niðurstöðum þess. Mennta- og menningarmála-ráðherra setti málþingið.

Sólborg Una Pálsdóttir sat fundinn Stafrænt skipulag, Plan4all sem haldinn var á vegum Skipulagsstofnunar, Landmælinga Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, 3. febrúar 2011.

Þór Hjaltalín sat málþing og félagsfund Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu, að Núpi í Dýrafirði, 30. sept. – 1. okt. 2011

Þór Hjaltalín sat farskóla íslenskra safna og safnamanna, Miðgarði í Skagafirði 5. okt. – 7. okt.

Þór Hjaltalín stundar PhD rannsókn við Háskólann í Osló. Titill rannsóknarinnar er "Chiefs and Landscape. The Ideology and Manifestation of Land Dominance in 13th Century Iceland — The case of Ásbirningarári".

## Upplýsingaskilti

Minjavörður Suðurlands, Uggi Ævarsson, hefur hannað skilti sem setja má niður við menningarminjar. Teikningarnar sem eru í tölvutæku formi liggja hjá nokkrum járnsmiðjum og er beðið tilboða í skiltagerðina frá þeim.

Sett var upplýsingaskilti við Borgarvirki í samvinnu við Vegagerðina.

Minjavörður Austurlands var í samstarfi við Minjasafn Austurlands um uppsetningu skiltis við friðlýstar fornleifar á Þórarinsstöðum á Seyðisfirði. Búið er að hanna skilti og skrifa texta en eftir er að setja það upp.

Minjavörður Austurlands var í viðræðum við sóknarnefnd og prest um uppsetningu upplýsingaskilta við friðlýstar minjar á Hofi í Vopnafirði. Reynt var að afla fjármagns.

Unnið að upplýsingaskilti við Biskupavörður á Biskupahálsi í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Vegagerðina og Biskupsstofu. Verkefni í umsjá Sigurðar Bergsteinssonar.

Þór Hjaltalín útbjóg upplýsingaskilti við friðlýstar minjar Borgarvirkis í Vestur Húnavatnssýslu.

Þór Hjaltalín útbjóg upplýsingaskilti við friðlýstar minjar að Hofi í Vatnsdal og var það unnið í tengslum við verkefnið “Á slóð Vatnsdælasögu”.

Þór Hjaltalín útbjóg upplýsingaskilti við Selvík á Skaga, Skagafjarðarsýslu í tengslum við verkefnið á Sturlungaslóð.

## Friðlýsingar

Hafin er athugun á því hvort rétt sé að friðlýsa eftirfarandi staði:

- Vörðurnar “Kerling og dætur hennar”
- Úlfhildarleiði í Skógum, Rangárþingi eystra
- Torflaðin sundlaug í Mýrdal, Mýrdalshreppi.

## Sumarstarfsmenn

Fornleifavernd ríkisins var gert mögulegt að ráða sumarstarfsfólk með stuðningi Vinnumálastofnunar og mennta og menningarmálaráðuneytis.

- Valdemar Harðarson var ráðinn til að koma með tillögur að bættri aðkomu og miðlun við Húshólma í Ögmundarhrauni. Um var að ræða samvinnuverkefni með Grindavík, sem styrkti verkefnið að hluta.
- Unnur Magnúsdóttir var ráðin til að færa upplýsingar um fornleifarannsóknir inn í

gagnagrunn í tengslum við CARARE, evrópskt samvinnuverkefni sem Fornleifavernd ríkisins tekur þátt í

- Niels Pálmi Skovsgaard Jónsson var ráðinn staðarvörður í Þingeyrakirkju.
- Wing Kit Yu var ráðinn til að gera þarfagreiningu fyrir gagnagrunn vegna skráningar minningarmarka í kirkjugörðum.
- Karl Emil Karlsson var ráðinn til að vinna að gagnagrunni fyrir Carare verkefnið.

## Umsagnir og fyrirspurnir

Forstöðumaður var kallaður fyrir lðnaðarnefnd í apríl vegna frumvarps til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, Þskj. 508. - 382. mál

Í maí var forstöðumaður kallaður á fund menntamálanefndar vegna frumvarps um menningarminjar

Umhverfisráðuneytið óskaði eftir umsögn vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á lögum um skógrækt.

Umhverfisráðuneytið óskaði umsagnar Fornleifaverndar um framkomin drög að nýrri skipulagsreglugerð.

Fornleifavernd ríkisins veitti menntamálanefnd umsögn vegna eftirfarandi fjögurra lagafrumvarpa:

- Frumvarp til laga um menningarminjarheildarlög, 651. mál.
- Frumvarp til laga um safnalög (heildarlög, 650. mál)
- Frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa (heildarlög – EES-reglur), 649. mál.
- Frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands (heildarlög), 648. mál.

Forstöðumaður veitti allsherjar- og menntamálanefnd umsögn um tillögu til þingsályktunar um fornleifarannsóknir í Árnesi og við fossinn Búða, norðan Þjórsár ( 84. mál ).

Forstöðumaður svaraði lðnaðarráðuneyti vegna beiðni um athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Samráðs- og kynningarferli.

Forstöðumaður veitti mennta- og menningarmálaráðuneyti umsögn vegna fyrirspurnar Ásmundar Einars Daðasonar alþingismanns (Þskj. 164, 162. mál) til mennta- og



menningarmálaráðherra þar sem hann óskaði eftir upplýsingum um utanlandsferðir starfsmanna ráðuneytisins og stofnana þess fyrstu 9 mánuði ársins 2011.

Fyrirspurn svarað frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur: „Hvað hefur verið gert á vegum ráðuneytisins og stofnana þess til að varðveita menningararfinn á stafrænu formi og gera hann aðgengilegan?“

Fornleifavernd ríkisins veitti Ferðamálastofu umsögn um verkefni sem tengist gæðamálum í ferðaþjónustu.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu á hluta Vestfjarðavegar nr. 60.

### **Umsagnir um útflutning menningarminja:**

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um útflutning beina úr fornleifarannsókn á Alþingisreit.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn (dags. 24. maí) um útflutning textílsýna frá Möðruvöllum, Gásum og Bergþórshvoli.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn (dags. 16. ágúst) um útflutning textílsýna frá Skálholti, Búalandi, Snæhvammi, Ketilsstöðum og Dalvík.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn (dags. 25. október) um útflutning textílsýna frá Skálholti.

## Starfsstöðvar og starfsfólk



### Forstöðumaður

Kristín Huld Sigurðardóttir  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556630, fax: 5556631  
Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is

### Deildarstjóri umhverfismats

Kristinn Magnússon  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556634, fax: 5556631  
Netfang: kristinn@fornleifavernd.is

### Deildarstjóri skipulagsmála

Agnes Stefánsdóttir  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556633, fax: 5556631  
Netfang: agnes@fornleifavernd.is

### Verkefnisstjóri minningarmarkaskráningar

Gunnar Bollason  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556632, fax: 5556631  
Netfang: gunnar@fornleifavernd.is

### Minjavörður Vestfjarða

Ragnar Edvardsson  
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík  
Sími: 8937636  
Netfang: ragnar@fornleifavernd.is

### Minjavörður Vesturlands

Magnús A. Sigurðsson  
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi  
Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705  
Netfang: magnus@fornleifavernd.is

### Minjavörður Norðurlands vestra

Þór Hjaltalín  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998  
Netfang: thor@fornleifavernd.is

### Deildarstjóri skráningarmála

Sólborg Una Pálsdóttir  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6203/862 4353, fax: 453 7998  
Netfang: solborg@fornleifavernd.is

### Minjavörður Norðurlands eystra

Sigurður Bergsteinsson  
Þórunnarstræti 99, 600 Akureyri  
Sími: 462 1089/865 9942  
Netfang: sigurdur@fornleifavernd.is

### Verkefnastjóri Phenomena and Monuments of Viking Culture

Sólveig Hulsdunk Georgsdóttir  
Þórunnarstræti 99, 600 Akureyri  
Sími: 462 1089/863 8040

### Minjavörður Austurlands

Inga Sóley Kristjónudóttir  
Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir  
Sími: 471 1451/864 1451, fax: 471 1452  
Netfang: ingasoley@fornleifavernd.is

### Minjavörður Suðurlands

Uggi Ævarsson  
Skógum, 861 Skógum  
Sími: 821 4338/8988852  
Netfang: uggi@fornleifavernd.is



Akkeri Jamestown